

130. fundur skráningarráðs, haldinn þriðjudaginn 7. desember 2021 kl. 13-15 hjá Landskerfi bókasafna

Fundarmenn: Rósa S. Jónsdóttir (formaður), Áslaug Þorfinnsdóttir, Helga Kristín Gunnarsdóttir og Þóra Sigurbjörnsdóttir (fundarritari).

Einnig sátu fundinn Hallfríður Kristjánsdóttir, gæðastjóri Gegnis og Sigrún Hauksdóttir, þróunarstjóri Gegnis.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt
2. Heimildir til skráningar - setja ný viðmið

Það þurfa allir persónubundna heimild til að vinna í Ölmú, líka starfsfólk í þjónustuborði. Verkferlar verða allt öðruvísi en í Gegni, t.d. tenging eintaka. Rætt um skráningarheimildir. Tegundir heimilda geta verið fleiri en í Gegni. Það verður ekki lengur hægt að gera kröfu um próf í bókasafns- og upplýsingafræði til að fá skráningarheimild. Það þarf heimild til að tengja og afskrifa eintök og hana þurfa allir starfsmenn að hafa. Þeir sem fá þannig heimild geta ekki breytt færslum. Starfsmannaheimildir verða búnar til eftir áramót.

3. Skoða kerfið - hvernig gengu prófanir

Borgarbókasafn og Amtsbókasafnið á Akureyri nota aðfangabáttinn í Gegni, önnur söfn, þ.e. almenningsöfn, þurfa að eyða sínum aðfangafærslum, þær þvælast fyrir. Skoðum forðafærslur og greinifærslur, margt sem þarf að laga. Unnið er að þýðingu kerfisins og verður þeirri vinnu líklega lokið í desember. Nauðsynlegt er að hugtök séu sem líkust því sem þau eru í Gegni, t.d. í skráningarvinnu.

4. Efni í NZ og IZ - hver er munurinn (Network zone og Institution zone)

Í NZ verður rafræna efnið og greinifærslurnar, efni safnanna í IZ. Það verður skráð í IZ, færslur vistast sjálfkrafa í NZ. Meginatriði að finna besta verklagið. Rætt var um aðkomu og hlutverk skráningarráðs í uppsetningu kerfisins. Skráningarráð þarf að gegna ráðgefandi hlutverki og koma að ýmsum ákvörðunum og þarf því að kynna sér kerfið vel.

5. Prófa að skrá

Frestað

6. Önnur mál.

Engin mál voru rædd.

Næsti fundur er fyrirhugaður þriðjudaginn 11. janúar 2022 kl. 13 hjá Landskerfi